135 28. okt. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um veiting einkaleyfis.** — Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins hefur hans hátign konunginum hinn 24. dag þ. m. allra mildilegast þóknazt að veita Peter Möller í Kristiania allrahæst framhaldseinkaleyfi, þar sem einkaleyfi það, er honum hinn 12. sept. þ. á. var veitt um 5 ára tímabil til þess að gjöra meðalalýsi á þann hátt, er hann hefur tiltekið, allstaðar í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og í nýlendunum, er rýmkað svo, að leyfið gildi einnig fyrir Ísland.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

136 18. nóv. **Útdráttur úr brjefi landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um sveitakennarastyrk.** — Fyrirspurn frá sóknarnefndinni í Húsavíkursókn svarað á þá leið, að styrkurinn til sveitakennara væri samkvæmt orðum fjárlaganna ekki veittur þeim, er sveitakennara nota, til afdráttar í launum sveitakennaranna, heldur sveitakennurunum sjálfum, eptir nemendafjölda og kennslutímalengd, án alls tillits til launa þeirra, er þeir fá fyrir starfa sinn af þeim, er ráða þá til kennslunnar.

## Reikningur

137 fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1891 til 31. ágúst 1892.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar 1. september 1891 (sjá Stj.tíð. 1891 B, 179. bls.): | | |
| | a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . . | kr. 8600,00 | |
| | b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . | — 553,23 | kr. 9153,23 |
| 2. | Ársvextir af innstæðu sjóðsins: | | |
| | a. Af innritunarskírteini til 11/6 '92 á 3½% . . . | — 301,00 | |
| | b. — innstæðu í landsbankanum . . . . . | — 23,66 | — 324,66 |
| | | | kr. 9477,89 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Heiðursgjafir veittar: | | |
| | a. Guðmundi Guðmundssyni á Auðnum . . . . | kr. 140,00 | |
| | b. Jóni Guðmundssyni á Efri-Brú . . . . . | — 140,00 | kr. 280,00 |
| 2. | Eptirstöðvar 31. ágúst 1892: | | |
| | a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . . | — 8600,00 | |
| | b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . | — 597,89 | — 9197,89 |
| | | | kr. 9477,89 |

Reykjavík 1. október 1892.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
*Magnús Stephensen.*